

6

Hvaðan fær hinn kristni kraft?

Í Matteusi 5.20 segir Jesús: „Ég segi yður: Ef réttlæti yðar ber ekki af réttlæti fræðimanna og farísea, komist þér aldrei í himnaríki.“ Hverskonar réttlæti var hann að tala um? Getum við verið hlýðin í okkar eigin mætti? Hvað með persónulega baráttu okkar við synd?

Jesús var endurspeglun fullkomins réttlætis á þessari jörð. Hann lifði fullkomnu lífi fyrir mig og þig. Ef við viljum skilja hvað Jesús meinti með orðum sínum verðum við fyrst að skoða hvernig hann lifði lífi sínu. Hver var uppspretta máttar hans?

1. Var Jesús eins og við á allan hátt? Hebreabréfið 2.14-18; 10.5

Ath. Jesús var eins og við á allan hátt. Hann varð einn af okkur. Hann glímdi við vandamál og freistingar. Hann varð svangur, þyrstur og þreyttur. Hann varð að verða eins og við svo að hann gæti reynst hæfur til að verða hinn annar Adam, frelsari okkar. Hann varð fyrirmynd okkar á allan hátt.

2. Ef Jesús var eins og við á allan hátt, hvernig gat hann þá framkvæmt kraftaverkin sem hann gerði og hvernig lifði hann í algjörri hlýðni við Guð? Jóhannes 5.19; 6.57; 8.28; 14.8-11; 10.30-33

Ath. Sonurinn var í nánu sambandi við Föðurinn og það var vegna þessa nána sambands að Faðirinn gat starfað í Jesú. Jesús var algjörlega háður Föður sínum í öllu. Kraftaverkin, lækningar og fræðslan, þetta allt var frá Föðurnum. Jesús var algjörlega mennskur og háður því að fá mátt sinn frá himninum.

3. Hvernig heimfærum við meginregluna um að vera háð Föðurnum? Jóhannes 15.1-8

Ath. Eplatré ber ávöxt vegna þess að það er eplatré en ekki til þess að verða eplatré. Það sama gildir um hið kristna líf. Kristinn einstaklingur gerir gott vegna þess að hann er kristinn, ekki til þess að verða kristinn. „Syndugir menn geta því aðeins orðið réttlátir að þeir hafi trú á Guði og viðhaldi lifandi sambandi við hann.“

Prá aldanna, bls. 224.

4. Hvernig viðhélt Jesús lifandi sambandi við Föðurinn? Markús 1.35

5. Hvernig bænir fór Jesús með? Matteus 26.39; Jóhannes 6.38

Ath. Jesús á að vera fordæmi okkar í öllum hlutum. Á sama hátt og Jesús beygði sig undir vilja Föðurins eigum við að beygja okkur undir vilja Jesú. „Hinir drambstömu í hjarta streitast við að vinna sér sjálfir frelsun en bæði aðgangur okkar að himninum og það að vera hæf fyrir himininn byggist á réttlæti Krists. Drottinn getur ekkert gert til að endurheimta manninn fyrr en hann sannfærast um eigin veikleika og er sviptur allri sjálfsréttlætingu, gefur sig undir handleiðslu Guðs. Þá getur hann meðtekið gjöfina sem Guð bíður eftir að gefa.“

Þrá aldanna, bls. 217.

Gagnlegar bænameginreglur

6. Tíminn til að biðja Markús 1.35; Sálmarir 5.4 _____

Ath. Guð nýtur þess að vera í sambandi við okkur yfir daginn. En ef við snúum okkur ekki til Guðs í byrjun dags og biðjum um náð og styrk getum við endað á hnjúnum að kvöldi biðjandi Guð um að fyrirgefa öll mistökin sem okkur urðu á vegna þess að við vanræktum hið gullna tækifæri morgunsins.

7. Staður til að biðja Markús 1.35; Matteus 6.6 _____

Ath. Það er mikilvægt að finna ákveðinn stað þar sem þú verður ekki fyrir ónæði þegar þú verð tíma með Guði. Það gæti verið sérstakur stóll við rúmið eða staður einhversstaðar í bakgarðinum. Bænalíf mitt endurnýjaðist þegar ég ákvað að finna stað úti í náttúrunni eins og Jesús gerði. Ég skynja nærveru hans betur utandyra á morgnanna eða undir stjörnunum á kvöldin.

8. Aðferð til að biðja Matteus 6.7-8 _____

Ath. Bænin er að opna hjarta sitt fyrir Guði eins og vini og er viðeigandi hvenær sem er, hvar sem er, og á hvaða hátt sem er. Samt sem áður, á þessum dýrmætu einverustundum, í nánu sambandi við Föðurinn, kraup Jesús niður og bað upphátt.

Að dvelja í Jesús er að leyfa orði hans að dvelja í þér

Þegar Jesús útskýrir hvernig maður á að lifa hinu kristna lífi gerir hann það mjög skiljanlegt hvað það er að dvelja í honum: „Ef þér eruð í mér og orð mín eru í yður, þá biðjið um hvað sem þér viljið, og yður mun veitast það.“ Jóhannes 15.7.

Að dvelja í Kristi þýðir að orð hans, kenningar og lífgefandi meginreglur fylli huga þinn og umbreyti lífi þínu. Það er líf og máttur í Orði Guðs. Það er á þennan hátt að þú öðlast mátt í hinu kristna lífi.

9. Sumir lesa orð Guðs en fá lítið út úr því. Hvers vegna? Hebreabréfið 4.2

Ath. Biblían inniheldur yfir 3000 loforð. Þau fullvissa okkur um umhyggju og væntumþykju okkar kærleiksríka himneska föður. Að gera tilkall til þeirra í trú færir frið og kyrrláta fullvissu um kærleik hans og mátt sem verkar í lífi okkar. „Það er trúin sem gefur okkur samband við himininn og færir okkur styrk til að standast ásókn myrkraaflanna. Í Kristi hefur Guð gefið okkur það sem til þarf til að bæla niður sérhverja syndsamlega tilhneigingu og standast hverja freistingu hversu sterk sem hún er. En mörgum finnst þá vanta trú og þess vegna eru þeir fjarlægir Kristi. Þeir þurfa í umkomuleysi sínu og óverðskuldun að varpa sér í náðarfaðm hins miskunnsama frelsara síns. Líttu ekki á sjálfan þig heldur Krist. Hann sem læknaði sjúka og rak út illa anda meðan hann gekk um meðal manna er hinn sami voldugi frelsari enn í dag. Trúin kemur fyrir orð Guðs. Þiggðu þá fyrirheit hans: „Þann sem kemur til mín, mun ég alls eigi brott reka.“ Jóhannes 6.37. Varpaðu þér fyrir fætur hans og hrópaðu: „Ég trúi, hjálpa þú vantrú minni!“ Þú getur aldrei glatast ef þú gerir það – aldrei.“

Þrá aldanna, bls. 319.

10. Hvað getum við gert án Krists? Jóhannes 15.5 _____

11. Hvað getum við gert með Kristi? Filippíbréfið 4.13 _____

12. Hver er tilgangur þess að íklæðast réttlæti Krists? Jóhannes 15.8; Sálmannir 23.3; Jesaja 61.3; Filippíbréfið 1.11 _____

Ath. Dýrðin sem Guð talar um er ekki eigingjörn, sjálfselsk dýrð, heldur eitthvað sem er öðrum til blessunar. Jesús segir í Jóhannesi 12.32, „Og þegar ég verð hafinn upp frá jörðu, mun ég draga alla til mín.“ Það er ekki fyrr en Guð er upphafinn og gerður dýrðlegur að hann geti fært menn til sín í þeim tilgangi að frelsa mannkynið. Dýrð hans er heiminum til blessunar.

Samantekt: Eins og barn fær næringu í gegnum naflastrenginn í móðurlífi, fáum við næringu í gegnum okkar lífgefandi samband við Guð. Án þess erum við máttlaus í baráttu okkar við hið illa. Án þess erum við hjálparlaus í baráttu okkar við freistingar og synd. Við frelsumst ekki fyrir verk okkar en þau sanna að einlæg trú er til staðar í lífi okkar. Og það er tæki til að leiða aðra til Krists og til frelsunar.

Svör við nr. 6

Spurning 1 – Já

Spurning 2 – Faðirinn sem lifði í honum framkvæmdi verkin

Spurning 3 – Eins og Jesús var háður föður sínum varðandi mátt sinn, eins eigum við að vera í sambandi við Jesú hvað varðar líf okkar og mátt

Spurning 4 – Með því að tala við hann eða biðja til hans

Spurning 5 – Bænir hans voru undirgefnar

Spurning 6 – Á morgnanna eða í upphafi dags

Spurning 7 – Þar sem þú verður ekki fyrir ónæði

Spurning 8 – Opnaðu hjarta þitt fyrir honum

Spurning 9 – Það vantaði trúna

Spurning 10 – Ekkert

Spurning 11 – Allt

Spurning 12 – Að vera Guði til dýrðar